

STJÓRNARTÍÐINDI B 96 – 1999

4. nóvember 1999

1977

Nr. 728

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar í Reykjavík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 31. ágúst 1999, breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar, frá 1. október 1987, breyttu 2. febrúar 1989. Breytingin felst í því að landnotkun bakhúsa Aðalstrætis 4 er takmörkuð á þann veg að óheimilt er að reka þar veitinga-, vínveitinga- og skemmtistaði. Að öðru leyti er heimilt að vera með aðra starfsemi í húsunum sem samræmist landnotkun aðalskipulags Reykjavíkur 1996-2016 og gildandi deiliskipulags.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 4. nóvember 1999.

Þorvaldur S. Þorvaldsson, skipulagsstjóri.

25. október 1999

Nr. 729

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við u-beygju á mótum Sæbrautar og Héðinsgötu úr austri í austur. Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. október 1999.

Böðvar Bragason.